

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

2. fundur.

Haldinn í Fjölbrautaskólanum þriðjudaginn 7. sept. 1976, kl. 17³⁰.

Mættir voru allir fulltrúar aðrir en Eggert Ólafsson. Skólameistari var einnig mættur.

1. Verknámsaðstaða: Samþykkt varnað fela skólameistara og yfirkennara að semja við Hákon Kristinsson um leigu á húsnæði til verknámskennslu. Húsnæði þetta er um 250 m² á 3. hæð hússins númer 32, við Hafnargötu í Keflavík.

2. Skólaakstur: Aksturstilboð komu frá eftirtöldum aðilum:

a) Róbert Sigurjónssyni, Grindavík, sem gerði tilboð í leiðina Grindavík - Vatnsleysuströnd - Keflavík.

b) Þingvallaleið h/f, sem gerði tilboð í sömu leið og Róbert.

c) Steindóri Sigurðssyni í Njaróvík, sem gerði tilboð í aksturinn allan.

Samþykkt var að taka tilboði Steindórs, sem miðast við gjaldskrá Pósts og síma með 15% afslætti. Var Gunnari Sveinssyni og Ingvari & Jóhannssyni falið að ganga frá samningi við Steindór.

3. Mötuneyti: Samþykkt var að ~~gangi~~ semja við Jón Kristinsson matsvein, um rekstur mötuneytis við skólann. Einnig var ákveðið að taka Skátaheimili á leigu fyrir þessa starfsemi.

4. Skólasetning: Lögð fram og samþykkt eftirfarandi dagskrá væntanlegrar skólasetningar:

„Fjölbrautaskóli Suðurnesja

1. skólasetning, 11. september, 1976.

Ávarp Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar.

Ræða Jón Böðvarsson skólameistari.

Samleikur á píanó og klarinett

Dans eftir Joseph Horovitz

4 íslensk þjóðlög í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar

Flytjendur: Lára Rafnsdóttir og Óskar Ingólfsson.

Ávarp Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra

Ávarp Haraldur Gíslason formaður S.S.S.

Ávarp Guðmundur Arnlaugsson rektor Menntaskólans við Hamrahlíð

SKÓLASETNING

Kynnir: Ingólfur Halldórsson

Umsjón: Gizur I. Helgason."

Fleira var ekki á dagskrá fundarins og sleit formaður fundi um ~~xx~~ klukkan 19⁰⁰, en áður bauð skólameistari nefndarmönnum að skoða hið nýja húsnæði Gagnfræðaskólans, sem Fjölbrautaskólinn fær til afnota í vetur. Var það boð þegið með þökkum.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson.